

ÁRSSKÝRSLA 2016

Starfstímabil 1. júní 2015- 31. maí 2016

Lögð fram á aðalfundi félagsins 18. ágúst 2016

ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ GERPLA



EFNISYFIRLIT

ALMENNT	2
STARFSEMI FÉLAGSINS	2
STJÓRN	4
BIÐLISTI & FIMLEIKASALURINN	4
HÚSNÆÐISMÁL	4
ÍPRÓTTABANDALAG KÓPAVOGSBÆJAR	5
AÐBÚNAÐUR OG ÁHÖLD	5
FORELDRARÁÐ	6
VORSÝNING, AFMÆLI OG UPPSKERUHÁTÍÐ	7
MÓT, VIÐBURÐIR, ÁRANGUR	14
ÁHALDAFIMLEIKAR INNANLANDS	15
HÓPFIMLEIKAR INNANLANDS	22
ÁHALDAFIMLEIKAR ERLENDIS	23
HÓPFIMLEIKAR ERLENDIS	25
VIÐURKENNINGAR	26
STARFSMANNAMÁL	27

ALMENNT

Íþróttafélagið Gerpla er sterkt og öflugt félag með gott starfsfólk sem stýrir starfsemi félagsins. Það hefur verið stöðugur vöxtur hjá félaginu undanfarin ár og þetta starfsár er engin undantekning. Félagið hefur unnið við húsnæðisskort þar sem æfingaaðstaða Gerplu í Versölum ber ekki allan þann fjölda sem vill sækja æfingar hjá félaginu. Starfsmenn félagsins hafa verið lausnamiðaðir í hugmyndum sínum við að koma sem flestum iðkendum að og er þá einna helst að nefna rútuverkefni sem var sett til reynslu veturinn 2014-15 en gekk vonum frammar. Ákveðið var því að taka verkefnið skrefinu lengra og er Gerpla stolt af því að bjóða nú öllum iðkendum í fyrsta og öðrum bekk í grunnskólum Kópavogs upp á rútuferðir á æfingar beint eftir skóla.

Gerpla stóð fyrir mjög fjölbreyttri starfsemi á tímabilinu en iðkendur voru rúmlega 2.500 þar af voru yfir 2.000 virkir iðkendur sem æfðu allt starfstímabilið hjá félaginu.

Stjórnendur félagsins hafa átt í reglulegum samskiptum við Kópavogsbæ varðandi framtíðarhúsnæðismál fyrir iðkendur félagsins á þessu starfstímabili. Gaman að segja frá því að samningar voru undirritaðir milli Gerplu og Kópavogsbæjar um byggingu nýs fimleika og íþróttahúss við Vatnsendaskóla þann 3. mars 2016. En gert er ráð fyrir að húsnæðið verði tekið í notkun í febrúar 2018.

STARFSEMI FÉLAGSINS

Gerpla bauð upp á eftirfarandi æfingar á starfstímabilinu:

ALMENNIR FIMLEIKAR FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

Félagið var með grunnhópa og framhaldshópa fyrir stúlkur og pílta. Þá var einnig boðið upp á unglingsflokka ásamt krílafimleikum.

ALMENNIR FIMLEIKAR FYRIR FULLORÐNA

Fimleikar fyrir fullorðna voru með sama fyrirkomulagi og undanfarin ár.

ALMENNIR FIMLEIKAR FYRIR FATLAÐA

Félagið bauð upp á tvo hópa í vetur þar sem iðkendur með ýmisskonar fatlanir nýttu sér þjónustu félagsins. Annars vegar er um að ræða keppnishóp og hins vegar grunnhóp.

ÁHALDAFIMLEIKAR

Boðið var upp á áhaldafimleika fyrir pílta og stúlkur. Iðkendurnir kepptu í íslenska fimleikastiganum og í frjálsum æfingum skv keppnisreglum FSÍ & FIG. Iðkendur okkar tóku þátt á mótum Fimleikasambandsins og sem fulltrúar í landsliðum Íslands á erlendri grund.

HÓPFIMLEIKAR

Boðið var upp á hópfimleika fyrir pílta og stúlkur ásamt blönduðum liðum. Iðkendurnir okkar kepptu á innlendum og erlendum vettvangi. Félagið átti meistaraflokk karla aftur nú í ár en nokkur ár eru síðan það hefur verið starfandi mfl kk.

PARKOUR

Félagið bauð upp á tvo flokka fyrir parkour í vetur eins og undanfarin ár.

POWER TUMBLING

Félagið bauð í annað skipti upp á æfingar í power tumbling sem er keppnisgrein innan FIG þar sem keppt er í dýnustökki. Greinin er ný á Íslandi og er Gerpla fyrsta félagið sem býður upp á skipulagðar æfingar.

SAMSTARF - RÚTUR

Samstarf Gerplu við skóla og leikskóla í hverfinu var gott á þessu starfsári. Veturinn 2014-15 var farið í tilraunaverkefni í samstarfi við Lindaskóla, Smáraskóla, Vatnsendaskóla og Hörðuvallaskóla þar sem rúta sótti iðkendur í dægradvöl og keyrði í Versali. Þessir fjórir skólar urðu fyrir valinu þar sem þeir eru næstir félaginu og einnig voru flestir iðkendur á biðlista í þessum skólum. Verkefnið var ákaflega vel heppnað og því ákveðið að taka verkefnið skrefinu lengra og bjóða upp á rútuferðir frá öllum skólum Kópavogs í vetur. Með þessu fyrirkomulagi var hægt að koma fleiri iðkendum að hjá félaginu en einnig var hægt að nýta íþróttasalinn betur ásamt því að iðkendurnir luku æfingum sínum fyrir á daginn.

Samstarf við Salaskóla og leikskólann Fífusali var með hefðbundnum hætti og var mikil ánægja með fyrirkomulagið en þar koma iðkendurnir með leikskólakennurunum / dægradvöl og fara svo aftur til baka að loknum æfingum hjá Gerplu. Í þessu samstarfi bauð Gerpla upp á hefðbundna fimleikabjálfun en félagið stóð einnig fyrir íþróttatímum fyrir dægradvöl Salaskóla þar sem börn úr dægradvöl komu í tíma hjá Gerplu endurgjaldslaust.

Þá áttu starfsmenn félagsins í samvinnu við önnur íþróttafélög og má þá einna helst nefna Fimleikadeild Fjölnis og Selfoss fagnar félagið því og verður leitast við að auka þau enn frekar í framtíðinni. Gerpla hefur einnig reynt að stuðla að samþættingu á æfingatímum yngri iðkenda við HK og Breiðablik eftir bestu getu.

STJÓRN & STARFSMENN

Á tímabilinu voru átján bókaðir fundir haldnir í stjórn félagsins. Auk þeirra voru haldnir fjölmargir óformlegir fundir um einstök málefni. Sjö fulltrúar eru kjörnir í stjórn á aðalfundi félagsins. Framkvæmda- og fjármálastjóri félagsins sátu alla fundi stjórnar ásamt því að kallaðir voru til aðrir starfsmenn gerðist þess þörf.

Stjórn félagsins var skipuð eftirfarandi aðilum: Harpa Þorláksdóttir, formaður, Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, varaformaður, Atli Björn Þorbjörnsson, Hjalti Ragnar Eiríksson, Marta Kristín Sigurjónsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir og Sigurrós Pétursdóttir.

Hjá félaginu voru starfandi rúmlega 120 þjálfarar ásamt starfsfólki í afgreiðslu og á skrifstofu. Í byrjun starfsársins tók Ása Inga Þorsteinsdóttir við sem nýr framkvæmdastjóri félagsins. Einnig var Heiður Hjaltadóttir ráðin sem fjármálastjóri á þeim tíma en fram að því hafði bókhaldi félagsins verið úthýst. Það er álit stjórnenda og stjórnar að þessi breyting að færa bókhaldið inn í starfsemi félagsins hafi verið vænleg ákvörðun og auðveldi yfirsýn og styttri biðtíma yfir stöðu fjármála félagsins.

BIÐLISTI & FIMLEIKASALURINN

Skráningar á biðlistann eru reglulegar og iðkendur þurfa oftast en ekki að bíða í lengri tíma. Vel hefur gengið þennan veturinn að taka inn iðkendur á yngsta stigi, en aftur á móti eru ennþá langir listar hjá eldri börnum sem þurfa fleiri æfingátíma. Varanleg lausn til frambúðar ætti að nást í tengslum við nýtt æfingahúsnæði Gerplu.

HÚSNÆÐISMÁL

Stjórn Gerplu og framkvæmdastjóri unnu áfram hörðum höndum við að ná samkomulagi við Kópavogsbæ um lausn á húsnæðisvanda félagsins. Stofnaður var starfshópur veturinn 2014-15 með fulltrúum frá Gerplu og Kópavogsbæ sem að lokinni mikilli undirbúningsvinnu (sem lýst var í síðustu ársskýrslu félagsins), mælti með byggingu á nýju íþróttahúsi, við Vatnsendaskóla.

Tillagan var samþykkt í maí 2014 og hafist handa við hönnun og útfærslu íþróttahússins með þarfir skólans og Gerplu í fyrirrími. Skemmst er frá því að segja að sú vinna gekk vel og samþykkti bæjarráð 18. júní 2015 forvalsrétt fimm verktaka til að taka þátt í lokaútboði verksins.

Verkið var boðið út 26.mars 2016 og höfðu útboðsaðilar 30 daga til að skila inn tilboðum í verkið. Starfshópurinn sem áður var nefndur vann svo úr útboðsgögnunum þar sem mat á þeim var tvíþætt, annarsvegar verð og hinsvegar hversu vel hönnun útboðsaðila féll að þörfum Gerplu og Vatnsendaskóla. Ákveðið var að taka tilboði frá Baldri ehf og er vinna við byggingu hússins byrjuð en stefnt er að því að taka húsið í notkun í febrúar 2018.

Ekki voru öll mál frágengin með samþykkt á útboðinu og héldu frekari samningaviðræður Gerplu og Kópavogsbæjar áfram fram á vor, en þær snérist í meginráttum um aðkomu félagsins að fjármögnun

framkvæmda við hið nýja íþróttahús, sem og rekstur þess. Gerpla mun leggja fram kr. 140.000.000.- í verkefnið úr framtíðarsjóði félagsins en í staðinn mun félagið eignast hlutdeild í húsnæðinu. Samningar voru undirritaðir í apríl og fagna stjórnendur og annað Gerplufólk þessum áfanga og þeim lausnum sem þeir hafa í för með sér.



ÍÞRÓTTABANDALAG KÓPAVOGSBÆJAR

Íþróttabandalag Kópavogsbæjar hefur óskað eftir meira samstarfi milli stóru félaganna í bænum og tók Gerpla vel í þá beiðni. Framkvæmdastjóri Gerplu óskaði eftir fundi með fulltrúum íþróttamála Kópavogs og stjórnendum HK og Breiðabliks til að ræða möguleika á frekara samstarfi og hugmyndum bæjarins að uppsetningu þess sambands en því miður voru undirtektir litlar.

AÐBÚNAÐUR OG ÁHÖLD

Þetta árið líkt og undanfarin ár var talsverðum fjárhæðum varið í endurnýjun áhalda en Gerpla er með mjög skilvirkt eftirlit með ástandi tækja í fimleikasalnum til að sporna gegn meiðslum eða óþarfa vanrækslu á áhöldum. Samþykkt var á stjórnarfundi að taka frá upphæð sem geymd er til næsta árs til endurnýjunar á áhöldum.

FORELDRARÁÐ

Foreldraráð Gerplu var stofnað í janúar 2014 fyrir alla keppnishópa félagsins í því skyni að efla og auka samvinnu á milli Gerplu og foreldra iðkenda. Stjórn foreldraráðs samanstendur nú af átta foreldrum en fjölgað var í stjórn foreldraráðsins á aðalfundi ráðsins haustið 2015 úr fimm í átta, þar af er einn stjórnarmanna tengiliður við fjáröflunarnefnd og annar við sjoppunefnd.

Starfsárið var viðburðaríkt og tókst að mati stjórnarinnar vel til. Það hófst á því að skipaðir voru umsjónarmenn úr hópi foreldra fyrir flesta keppnishópa félagsins. Umsjónarmönnum er ætlað að vera tengiliðir félagsins við aðra foreldra iðkenda í hópunum auk þess sem þeim er ætlað veigamikil hlutverk við skipulagningu á hópefli fyrir viðkomandi iðkendur sem og aðkomu að skipulagningu og undirbúningi keppnisferða og æfingabúða. Umsjónarmennirnir stóðu sig allir með stakri þrýði og var gaman sjá hversu duglegir þeir voru að skipuleggja hópefli fyrir iðkendurna.

Stjórn foreldraráðs aðstoðaði við undirbúning og vinnu á Norðurlandamóti í hópífmleikum sem haldið var af FSÍ og Gerplu í Vodafone-höllinni síðastliðið haust. Unnið var mikið og gott starf við undirbúning, sjoppu, skipulag, uppsetningu á sal, vinnu á mótinu sjálfu og að lokum við þrif og frágang.

Stjórn foreldraráðs hélt jólaball í desember fyrir alla iðkendur félagsins og tóks vel til. Mæting var góð og allir skemmtu sér vel.

Í upphafi árs 2016 var sjoppu- og fjáröflunarnefnd skipt í tvennt. Annars vegar var sett á fót sjoppunefnd sem sá um fjáröflunarsjoppu á viðburðum í Gerplu og öðrum viðburðum sem félagið á aðkomu að og hins vegar fjáröflunarnefnd sem annaðist skipulagningu og utanumhald annarra fjáraflana fyrir iðkendur félagsins.

Gerpla varð 45 ára á árinu og aðstoðaði stjórn foreldraráðs við afmælishátíð félagsins sem haldin var fyrir eldri iðkendur þess og heppnaðist afar vel.

Stjórn foreldraráðs styrkti starf félagsins með peningagjöf fyrir vorsýningu þess ásamt því að aðstoða við undirbúning sýningarinnar og framkvæmd.

Stjórn foreldraráðs hefur lagt mikinn metnað í að móta starfið og koma því í farveg. Það er stefna stjórnarinnar að komandi starfsár foreldraráðs Gerplu hefjist af krafti og staðið verði fyrir skemmtilegum viðburðum fyrir bæði iðkendur og foreldra auk áframhaldandi stefnumótunarvinnu.

Virðingarfyllt

Stjórn foreldraráðs Gerplu

VORSÝNING OG 45 ÁRA STARFSAFMÆLI

Vorsýningin 2016 bar heitið Ávaxtakarfan og sýningarstjóri var Elsa Jónsdóttir en henni til aðstoðar var Stefanía Eypórsdóttir deildastjóri og Yrsa Ívarsdóttir sýningastjóri frá síðustu vorsýningu. Verkefnið var með stærra sniðinu þetta árið þar sem Gerpla fagnaði 45 ára starfsafmæli á árinu.

Sýningarstjóri leitaðist eftir samstarfi við Barnakór Kársnesskóla og Skólahljómsveit Kópavogs og gekk það samstarf vonum frammar og setti einstakan hátíðar – og glæsileikabrag á sýninguna. Gerpla vill þakka Össuri Geirssyni stjórnanda Skólahljómsveitar Kópavogs og Þórunni Björnsdóttur stjórnanda Barnakórs Kársnesskóla fyrir þeirra einstöku jákvæðni og vinnuframlag sem gerði verkefnið að veruleika.

Búningar í sýningunni voru með glæsilegasta móti en Kristlaug María Sigurðardóttir höfundur verksins og eigandi búninganna sem notaðir voru í uppfærslu leikritsins í Borgarleikhúsinu lánaði Gerplu búningana endurgjaldslaut og langar okkur að koma á framfæri sérstökum þökkum til hennar.

Í byrjun hverrar sýningar voru frumsýnd ímyndamyndbönd sem unnið var fyrir nýja heimasíðu Gerplu sem tekin verður í notkun nú í haust. Myndböndin eru liður í því að auka sýnileika áhaldafimleika og hópfimleika og hjálpa til við að útskýra muninn á þessum keppnisgreinum. Mikil ánægja var með myndböndin meðal sýningagesta.


Sýningarnar voru samtals fimm þetta árið líkt og í fyrra, allar sýndar fyrir fullri stúku af áhorfendum. Leitast var eftir samstarfi við tix.is líkt og síðasta ár með miðasölu á sýninguna og gekk það samstarf vel.

Undirbúningurinn fyrir sýninguna byrjaði snemma þetta árið og voru öll atriði meira og minna tilbúin á myndbandi fyrir þjálfara í mars/apríl sem er ánægjuleg þróun og fyrir vikið var minna stress hjá iðkendum og þjálfurum. Um miðjan maí var æfingaskipulagi hópa beytt og settar upp samæfingar hjá þeim hópum sem voru saman í atriði sem gekk mjög vel.

Sýningarnar gengu mjög vel og líkt og í fyrra mikil áhersla lögð á undirbúning við ljósavinnu sem varð til þess að sýninginn rúllaði mjög auðveldlega í gegn.



Líkt og kom fram hér að ofan þá átti Gerpla 45 ára starfsafmæli 25.apríl 2016 og var ákveðið að bjóða iðkendum Gerplu 10 ára og eldri til sundlaugarpartýs og yngri iðkendum á opið hús þar sem boðið var upp á afmælistertu og svala. Báðir viðburðirnir gengu mjög vel en starfsmenn félagsins fengu leyfi til að setja loftdýnu og fleiri áhöld út í sundlaug sem var mjög vinsælt meðal iðkenda. Einnig voru grillaðar pylsur ofan í mannskapinn sem skapaði góða stemmningu á bakkanum. Gerpla þakkar starfsmönnum Versalasundlaugar kærlega fyrir gott samstarf við viðburðinn og einnig foreldrum sem aðstoðuðu við framkvæmd á báðum viðburðunum.



UPPSKERUHÁTÍÐ GERPLU

Undanfarin ár hefur Uppskeruhátíð Gerplu verið haldin sem sér viðburður í maí, en vegna fjölda móta og annarra viðburða innan fimleikahreyfingarinnar var engin helgi laus að þessu sinni. Ákvörðun var því tekin að veita viðurkenningar samhliða Vorsýningunni eða í byrjun sýninga sem setti hátíðlegan svip á sýninguna.

Eftirfarandi viðurkenningar voru veittar:

- Afreksbikar Gerplu í áhaldafimleikum
- Afreksbikar Gerplu í hópfimleikum
- Hvatningarbikar Gerplu í áhaldafimleikum
- Hvatningarbikar Gerplu í hópfimleikum
- Þjálfaraviðurkenningar
- Garpur
- Félagsmálaskjöldur Gerplu
- Heiðursmerki Gerplu



AFREKSBIKAR GERPLU Í ÁHALDAFIMLEIKUM

Afreksbikar Gerplu í áhaldafimleikum er árlega veittur einstaklingi sem náð hefur bestum árangri af félagsmönnum í áhaldafimleikum í frjálsum æfingum. Handhafi afreksbikars Gerplu hefur hann til varðveislu í eitt ár eða þar til honum er næst úthlutað. Jafnframt hlýtur handhafi viðurkenningu til eignar.

Afreksbikar Gerplu áhaldafimleikar kvenna: Agnes Suto

Agnes Suto átti frábært ár og má þá einna helst nefna að hún lenti í 1. sæti í liðakeppni á Norðurlandamótinu ásamt því að vera í 3. sæti í fjölþraut og 3. sæti á slá. Hún var einnig í landsliði Íslands á Smáþjóðaleikunum þegar liðið varð í 1. sæti í liðakeppninni. Agnes varð einnig í 3. sæti á tvíslá á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum.

AFREKSBIKAR GERPLU Í HÓPFIMLEIKUM

Afreksbikar Gerplu í hópfimleikum er árlega veittur þeim hóp sem náð hefur bestum árangri af félagsmönnum í hópfimleikum samkvæmt alþjóðlegum reglum. Hópurinn hefur bikarinn til varðveislu í eitt ár eða þar til honum er næst úthlutað. Jafnframt hljóta handhafar viðurkenningu til eignar.

Afreksbikar Gerplu í hópfimleikum: 1. flokkur kvenna í hópfimleikum

1. flokkur kvenna í Gerplu hefur verið á miklu skriði þennan veturinn og mikil bæting í erfiðleika æfinga hjá hópnum. Hópurinn vann sér inn keppnisrétt á Norðurlandamót unglinga þar sem þær voru í harðri keppni um verðlaun en stór mistök í gólfæfingum kostuðu þær því miður sigurinn að þessu sinni. Þær urðu einnig Bikarmeistarar í 1. flokki og verður spennandi að fylgjast með þeim á næsta keppnistímabili.

HVATNINGABIKAR GERPLU Í ÁHALDAFIMLEIKUM

Hvatningabikar Gerplu í áhaldafimleikum er veittur einstaklingum í karla og kvenna flokki sem sýnt hafa sérstakan árangur eða framfarir í áhaldafimleikum. Handhafar bikarsins fá hann til varðveislu í eitt ár eða þar til honum er næst úthlutað. Jafnframt hljóta handhafar viðurkenningu til eignar.

Hvatningabikar Gerplu í áhaldafimleikum kvenna: Thelma Aðalsteinsdóttir

Thelma hefur sýnt mikla þrautseigju og elju við æfingar sínar og er sterk fyrirmynd fyrir komandi kynslóðir. Hún komst í A landsliðið í áhaldafimleikum á Smáþjóðleikunum í vor þar sem hún stóð sig með þryði.

Hvatningabikar Gerplu í áhaldafimleikum karla: Eypór Örn Baldursson

Eypór hefur lengi verið einn af fremstu fimleikamönnum Íslands hann tók þátt á Heimsmeistaramótinu í áhaldafimleikum í haust og sýndi góðar æfingar. Hann var óheppinn að meiðast í keppninni en hefur sýnt mikinn karakter og þrautseigju við að vinna á þeim meiðslum. Eypór er yngri iðkendum Gerplu sterk fyrirmynd sem gaman verður að fylgjast með á næsta keppnistímabili þegar hann getur aftur tekið þátt í mótum fyrir Gerplu hönd.

HVATNINGABIKAR GERPLU Í HÓPFIMLEIKUM

Hvatningabikar Gerplu í hópfimleikum er veittur hópum í karla/mix og kvenna flokki sem sýnt hafa sérstakan árangur eða framfarir í hópfimleikum. Handhafar bikarsins fá hann til varðveislu í eitt ár eða þar til honum er næst úthlutað. Jafnframt hljóta handhafar viðurkenningu til eignar.

Hvatningabikar Gerplu í hópfimleikum karla/mix eða kvenna flokki: meistaraflokkur mix

Um áramótin síðastliðin var meistaraflokkur mix í hópfimleikum endurvakinn eftir eins árs hlé. Gerpla hefur ætíð sett sér það markmið að eiga keppendur í fremstu röð í öllum flokkum og var mikil ánægja með að félagið ætti aftur lið í þessum flokki. Liðið fór vel af stað og sýndi miklar framfarir á tímabilinu sem var mjög stutt þar sem hópurnir var settur saman um áramót. Liðið varð í 2. sæti á Bikarmótinu og 3. sæti á Íslandsmótinu sem er mjög góður árangur miðað við stutt undirbúningstímabil.

ÞJÁLFAVIÐURKENNINGAR

Viðurkenning sem veitt er þjálfurum í grunnhópum, hópfimleikum og áhaldafimleikum, sem náð hafa athygli verðum árangri í starfi sínu innan félagsins. Handhafar þessarar viðurkenningar fá viðurkenningu til eignar.

Þjálfaraviðurkenning áhaldafimleikar: Þorgeir Ívarsson

Þorgeir er einn af ungu og efnilegu þjálfurum Gerplu, hann er ávallt jákvæður innan vallar sem utan. Hann er hörkuduglegur og áhugasamur og á auðvelt með að eiga í samskiptum við aðra þjálfara í salnum. Hann nær vel til iðkendanna sem líta mikið upp til hans. Þorgeir er sannarlega vel að þessari viðurkenningu kominn.

Þjálfaraviðurkenning hópfimleikar: Pauline Ahleby

Pauline hefur á stuttum tíma í Gerplu unnið sig í röð fremstu þjálfara deildarinnar. Hún er vel liðin, áhugasöm og umhugað um iðkendur sína. Hún nær vel til iðkenda allra flokka og við óskum henni innilega til hamingju með verðskuldaða viðurkenningu.

Þjálfaraviðurkenning grunn- og framhaldshópar: Dagbjört Heiða Hermannsdóttir

Dagbjört Heiða byrjaði sem þjálfari í grunn- og framhaldshópum Gerplu og var fljótt dregin inn í frekari þjálfun hjá félaginu. Hún nær einstaklega vel til iðkenda sem og samstarfsfélaga og var mikil ánægja með hana meðal forráðamanna í vetur. Við óskum Dagbjörtu Heiðu innilega til hamingju.

GARPUR

Garpur er bikar sem árlega er veittur iðkanda, þjálfara eða sjálfbóðaliða fyrir athyglivert framtak innan félagsins. Handhafi bikarsins fær hann til varðveislu í eitt ár eða þar til honum er næst úthlutað. Jafnframt fær handhafi Garps viðurkenningu til eignar.

Garpur: Sindri Viborg

Sindri hefur haldið úti æfingum í sjálfböðavinnu fyrir samtökin Regnbogabörn. Hann hefur einstakt hjartalag og mikla ástríðu fyrir þeim verkefnum sem hann tekur sér fyrir hendur. Gerpla er einstaklega stolt að því að taka þátt í þessu samvinnuverkefni með Regnbogabörnum sem Sindri hafði frumkvæði af og hann er vel að þessari viðurkenningu kominn.

FÉLAGSMÁLASKJÖLDUR GERPLU

Félagsmálaskjöldur Gerplu er árlega veittur einstaklingi sem í mörg ár hefur starfað á ósérhlífinn hátt að félagsmálum innan Gerplu. Handhafi félagsmálaskjaldarins hefur hann til varðveislu í eitt ár eða þar til honum er næst úthlutað. Jafnframt skal handhafi Garps hljóta viðurkenningu til eignar.

Félagsmálaskjöldur Gerplu: Bryndís Baldvinsdóttir

Það er Gerplu sönn ánægja að veita Bryndísi Baldvinsdóttur félagasmálaskjöldinn að þessu sinni. Bryndís hefur verið einstaklega dugleg í foreldrastarfi félagsins og drifkraftur fjáröflunarnefndar. Bryndís var framkvæmdastjóra einstök hjálp þegar félagið hélt Norðurlandamótið í hópímleikum en þá sá foreldraráðið með Bryndísi í forsvari um allt utanum hald vegna sölu á mótinu ásamt skipulagi lokahófs fyrir iðkendur. Foreldrafélagið stóð einnig fyrir fjölda annarra viðburðum svo sem afmælishátíð Gerplu í samvinnu við framkvæmdastjóra, jólaballi, bingó og fjáröflunarverkefnum. Við þökkum Bryndísi og forreldraráðinu fyrir einstaklega gott starf og við hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Heiðursmerki Gerplu: Jón Finnbogason

Jón Finnbogason var á vorsýningunni sæmdur gullmerki Gerplu. Hann ætti að vera flestum kunnugur enda uppallinn Gerplumaður og brautryðjandi karlafímleika hjá félaginu. Móðir Jóns, Elsa Jónsdóttir var formaður félagsins til margra ára og hafði Jón því góða fyrirmynd í félagsstörfum. Eftir að keppnisferli í fimleikum lauk tóku við félagsstörf hjá Gerplu. Jón sat í stjórn félagsins frá 2003-2013 en þar sat hann sem formaður frá 2006. Starfstímabil Jóns einkenndist af miklum breytingum og gríðarlegum vexti. Á því tímabili fluttist Gerpla úr iðnaðarhúsnæði á Skemmuvegi yfir í glæsilegt húsnæði í Versölum. Félagið fimmfaldaðist að stærð á starfstíma hans. Jón hefur mikla yfirsýn og réttlætiskennd og einkenndi það störf hans hjá félaginu ásamt óbilandi áhuga og drifkrafti. Eftir að hann lét af störfum sem formaður Gerplu hélt hann áfram að

starfa að félagsmálum í þágu Kópavogsbúa í íþróttá- og tómstundaráði og hjá íþróttahreyfingunni í stjórn ÍSÍ. Jón er vel að þessu kominn og við hæfi að veita honum gullmerkið á 45 ára afmæli Gerplu.

MÓT, VIÐBURÐIR, ÁRANGUR

Gerpluiðkendar voru áberandi í íslensku og erlendu fimleikalífi.



Gerplufólk í landsliði Íslands spilaði stór hlutverk á Norðurlandamótinu í áhaldafimleikum sem fram fór í lok maí mánaðar. Kvinnaliðið sigraði liðakeppnina, en Gerpla átti einn fulltrúa í því liði, Agnesi Suto. Gerpla átti einnig fjóra sterka fulltrúa í karllaliðinu en liðið endaði í 5. sæti.

Agnes Suto varð í 3. sæti í fjölþraut á Norðurlandamótinu og fékk einnig bronsverðlaun á slá.

Þá var gaman að fylgjast með ungu kynslóðinni á mótum Fimleikasambandsins í vetur. Gerpla mætti til leiks með gífurlega breidd og fjölda þátttakenda sem sýnir vel fjölbreytnina innan félagsins og þær áherslur í starfinu að gefa öllum tækifæri á að vera með. Sérstaka athygli vakti góður árangur yngri iðkenda á bikarmóti í áhaldafimleikum.

Gerpla vann bikarmótið í áhaldafimleikum kvenna í öllum yngri nema 5. þrepi og varð í 3. sæti í frjálsum æfingum sem er mjög góður árangur þar sem kynslóðaskipti hafa átt sér stað í meistaraflokki kvenna og liðið var mjög ungt.

Drengja megin var Gerpla bikarmeistari í 4. þrepi, 2. þrepi og 1. þrepi. Hörð keppni var milli Ármanns og Gerplu í frjálsum æfingum en tveir af lykilmönnum Gerplu voru því miður frá keppni vegna meiðsla sem setti strik í reikninginn og beið Gerpla því lægri hlut að þessu sinni.

Lið Gerplu voru einnig mjög sterk á bikarmóti unglinga í hóp fimleikum en virkilega hörð keppni var í öllum flokkum. Fyrsti flokkur kvenna varð bikarmeistari og voru þjálfarar sammála um að uppbygging og styrkur iðkenda í yngri flokkum Gerplu væri að aukast.

ÁHALDAFIMLEIKAR INNANLANDS

Iðkendur félagsins tóku þátt á fjölda móta á keppnistímabilinu og er listinn hér að neðan ekki tæmandi:

FYRIRTÆKJAMÓT

Keppt var um sæti á einstökum áhöldum í þremur flokkum kvenna og þremur flokkum karla.

Fyrirtækjamót	Flokkur	Keppnisgrein	Keppandi	Sæti
Drengjaflokkur	KK	Gólf	Martin Bjarni Guðmundsson	1.sæti
Drengjaflokkur	KK	Bogahestur	Martin Bjarni Guðmundsson	2.sæti
Drengjaflokkur	KK	Hringir	Martin Bjarni Guðmundsson	1.sæti
Drengjaflokkur	KK	Stökk	Martin Bjarni Guðmundsson	1.sæti
Drengjaflokkur	KK	Svífrá	Martin Bjarni Guðmundsson	1.sæti
Unglingaflokkur	KK	Gólf	Guðjón Bjarki Hildarson	1.sæti
Unglingaflokkur	KK	Bogahestur	Arnþór Daði Jónasson	1.sæti
Unglingaflokkur	KK	Bogahestur	Guðjón Bjarki Hildarson	3.sæti
Unglingaflokkur	KK	Hringir	Guðjón Bjarki Hildarson	3.sæti
Karlaflokkur	KK	Gólf	Hrannar Jónsson	1.sæti
Karlaflokkur	KK	Bogahestur	Hrannar Jónsson	2.sæti
Stúlknaflokkur	KVK	Stökk	Sunna Kristín Ríkharðsdóttir	1. sæti
Stúlknaflokkur	KVK	Tvíslá	Sunna Kristín Ríkharðsdóttir	1. sæti
Stúlknaflokkur	KVK	Jafnvægisslá	Sunna Kristín Gísladóttir	1. sæti
Stúlknaflokkur	KVK	Jafnvægisslá	Sunna Kristín Ríkharðsdóttir	2. sæti
Stúlknaflokkur	KVK	Gólf	Sunna Kristín Ríkharðsdóttir	3. sæti
Unglingaflokkur	KVK	Jafnvægisslá	Thelma Aðalsteinsdóttir	1. sæti

Kvennaflokkur	KVK	Stökk	Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir	1. sæti
Kvennaflokkur	KVK	Jafnvægisslá	Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir	1.sæti
Kvennaflokkur	KVK	Jafnvægisslá	Norma Dögg Róbertsdóttir	2.sæti
Kvennaflokkur	KVK	Gólf	Norma Dögg Róberstdóttir	2.sæti
Kvennaflokkur	KVK	Gólf	Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir	3.sæti

HAUSTMÓT – ÞREP 5.-4. ÞREP

Á Haustmóti í yngri þrepum Fimleikastigans var keppt í fjölþraut. Hverju þrepi fyrir sig var skipt niður í aldursflokka. Gerpla var sigursæl og hreppti alls fern gullverðlaun og þrenn bronsverðlaun.

Haustmót 4.-5. Þrep	Flokkur	Keppnisgrein	Keppandi	Sæti
5. þrep 11 ára og eldri	KVK	Fjölþraut	Anja Erla Pálsdóttir	1.sæti
4.þrep 9 ára	KVK	Fjölþraut	Dagný Björt Axelsdóttir	1.sæti
4. þrep 10 ára	KVK	Fjölþraut	Ingibjörg Ösp Gunnarsdóttir	3.sæti
4. þrep 11 ára	KVK	Fjölþraut	Karítas Dís Sigurjónsdóttir	3. sæti
4. þrep 12 ára og eldri	KVK	Fjölþraut	Helga María Halldórsdóttir	1. sæti
5. þrep 10 ára og eldri	KK	Fjölþraut	Jón Skúli Guðmundsson	3. sæti
4. þrep 9 – 10 ára	KK	Fjölþraut	Arnar Arason	1. sæti

HAUSTMÓT – FRJÁLSAR ÆFINGAR, 1. -3. ÞREP

Líkt og á Haustmóti 5.-4. þreps var keppt í fjölþraut á þessu móti. Gerpla var sigursæl á mótinu líkt og í yngri flokkunum og vann alls til fimm gullverðlauna, tvennra silfurverðlauna og einna bronsverðlauna. Gerpla sendi eingöngu stúlkur til keppni á þessu móti.

Haustmót Frjálsar, 1.- 3. Þrep	Flokkur	Keppnisgrein	Keppandi	Sæti
-----------------------------------	---------	--------------	----------	------

1. þrep 13 ára og yngri	KVK	Fjölþraut	Sonja Margrét Ólafsdóttir	1. sæti
1. þrep 14 ára og eldri	KVK	Fjölþraut	Svala Davíðsdóttir	1. sæti
1. þrep 14 ára og eldri	KVK	Fjölþraut	Sandra Rós Davíðsdóttir	2. sæti
2.þrep 12 ára & yngri	KVK	Fjölþraut	Lísa Rut L. Ingvaldsdóttir	1.sæti
3. þrep 11 ára & yngri	KVK	Fjölþraut	Björk Caidi Bárðardóttir	1.sæti
3. þrep 11 ára & yngri	KVK	Fjölþraut	Hera Lind Gunnarsdóttir	2.sæti
3.þrep 12 ára	KVK	Fjölþraut	Bryndís Guðnadóttir	3.sæti
3.þrep 13 ára & eldri	KVK	Fjölþraut	Alexandra Björk Magnúsdóttir	1.sæti

ÞREPAMÓT – ÖLL ÞREP

Gerpla vann alls tíu fjölþrautartitla. Þá unnu iðkendur félagsins til fimm silfurverðlauna í fjölþraut og níu bronsverðlauna. Gerpluiðkendur unnu því alls til tuttugu og fjögurra verðlauna í fjölþraut.

Þrepamót	Flokkur	Keppnisgrein	Keppandi
4. þrep 10 ára	KVK	Fjölþraut	Telma Ósk Bergþórsdóttir
4. þrep 11 ára	KVK	Fjölþraut	Kristín Sara Jónsdóttir
3. þrep 11 ára og yngri	KVK	Fjölþraut	Hera Lind Gunnarsdóttir
3. þrep 13 ára og eldri	KVK	Fjölþraut	Bryndís Guðnadóttir
2. þrep 13 ára og eldri	KVK	Fjölþraut	Erika Eik Antonsdóttir
1. þrep 13 ára og yngri	KVK	Fjölþraut	Sunna Kristín Ríkharðsdóttir
1. þrep 14 ára og eldri	KVK	Fjölþraut	Birta Björg Alexandersdóttir
2. þrep	KK	Fjölþraut	Sverrir Hákonarson
1. þrep 15 ára og yngri	KK	Fjölþraut	Martin Bjarni Guðmundsson
1. þrep 16 ára og eldri	KK	Fjölþraut	Frosti Hlynsson

BIKARMÓT

Gerpla mætti með mikið endurnýjað lið til keppni í frjálsum æfingum kvenna eftir miklar breytingar í efstu hópum félagsins um áramót. Gerplustúlkur með Angesi Suto og Thelmu Aðalsteinsdóttur fremstar í flokki mættu með gríðarlega efnilegar stúlkur með sér í liði úr 1. þrepi og stóðu þær sig svo sannarlega vel á móti reynsluboltum úr liði Ármanns og Björk og höfnuðu þær í 3. sæti.

Meistaraflokkur kvenna 3. sæti á Bikarmóti- frjálsar æfingar KVK

Keppendur	
Agnes Suto	Thelma Aðalsteinsdóttir
Sonja Margrét Ólafsdóttir	Tinna Sif Teitsdóttir

Meistaraflokkur karla Bikarmeistarar – frjálsar æfingar KK

Keppendur	
Arnþór Daði Jónasson	Atli Þórður Jónsson
Hróbjartur Pálmar Hilmarsson	Hrannar Jónsson
Guðjón Bjarki Hildarsson	

1.þrep karla Bikarmeistarar – lið 1

Keppendur	
Hafþór Heiðar Birgisson	Leó Björnsson
Frosti Hlynsson	Ágúst Ingi Davíðsson
Maríus Pétur Lund	

1.þrep karla 2. sæti á Bikarmóti – lið 2

Keppendur	
Arnór Már Másson	Tómas Bjarki Jónsson
Hermann Hlynsson	Arnór Már Másson

1.þrep kvenna Bikarmeistarar

Keppendur	
Sunna Kristín Ríkharðsdóttir	Birta Björg Alexandersdóttir
Sunna Kristín Gísladóttir	Svala Davíðsdóttir
Sveinbjörg B. Kristjánsdóttir	

2.þrep karla Bikarmeistarar

Keppendur	
Hrafnkell Orri Axelson	Óskar Hákonarson
Sverrir Hákonarson	Dagur Kári Ólafsson

2.þrep kvenna Bikarmeistarar

Keppendur	
Erika Eik Antonsdóttir	Hildur María Jónasdóttir
Lísa Rut Línberg Ingvaldsdóttir	

3. þrep kvenna Bikarmeistarar

Keppendur	
Hildur Maja Guðmundsdóttir	Bryndís Guðnadóttir
Hera Lind Gunnarsdóttir	Elín Rósa Sæbjörnsdóttir
Björk Caidi Bárðardóttir	Alexandra Björk Magnúsdóttir

4. þrep kvenna Bikarmeistarar –A deild

Keppendur	
Ingibjörg Ösp Gunnarsdóttir	Dagný Björt Axelsdóttir
Kristín Sara Jónsdóttir	Andrea Ósk Jónsdóttir
Sylvía Eik Sigtryggsdóttir	Helena Rós Jónsdóttir
Telma Ósk Bergþórsdóttir	

4. þrep kvenna 1.sæti – Gerpla B1 – B deild

Keppendur	
Þóra Kristín Jörundardóttir	Helena Rut Hallgrímsdóttir
Hrafnhildur Kjartansdóttir	Selma Bjarkadóttir
Karítas Dís Sigurjónsdóttir	Þyrí Ljósberg Willumsdóttir
Helga María Hjaltadóttir	

4. þrep kvenna 2.sæti – Gerpla B2 – B deild

Keppendur	
Sigrún Björk Baldursdóttir	Sara Bjarkadóttir
Karen Þrastardóttir	Thelma Ósk Björgvinsdóttir
Harpa Helgadóttir	Adela Björt Birkisdóttir
Oddrún Inga Ingibjörnsdóttir	

4. þrep karla Bikarmeistarar

Keppendur	
Arnar Arason	Haraldur Ingi Matthíasson
Úlfur Ísberg	Björn Elí Björnsson
Lúkas Magni Magnason	Atli Elvarsson

ÍSLANDSMÓT Í ÞREPUM

Veitt voru verðlaun fyrir efstu þrjú sætin í hverjum aldursflokki fyrir sig í hverju þrepi. Einnig var einn Íslandsmeistari krýndur í hverju þrepi óháð aldri. Allir þeir sem náðu sínum þrepum fengu keppnisrétt á mótinu. Gerpla átti eftirfarandi verlaunahafa á Íslandsmótinu í þrepum:

Íslandsmót í þrepum	Flokkur	Keppnisgrein	Keppandi
4. þrep 10 ára	KVK	Fjölþraut	Telma Ósk Bergþórsdóttir
3. þrep 11 ára og yngri	KVK	Fjölþraut	Hera Lind Gunnarsdóttir
2. þrep 13 ára og eldri	KVK	Fjölþraut	Erika Eik Antonsdóttir
1. þrep 14 ára og eldri	KVK	Fjölþraut	Svala Davíðsdóttir
2. þrep	KK	Fjölþraut	Hrafnkell Orri Axelsson
1. þrep 16 ára og eldri	KK	Fjölþraut	Hafþór Hreiðar Birgisson

ÍSLANDSMÓT

Iðkendur félagsins fengu ein silfurverðlaun og ein bronsverðlaun í fjölþraut í fullorðinsflokki.

Iðkendur félagsins unnu til fimm gullverðlauna á einstökum áhöldum í fullorðins- og unglíngaflokki. Einnig unnu keppendur til sex silfurverðlauna og sjö bronsverðlauna.

Íslandsmót á einstökum áhöldum	Flokkur	Keppnisgrein	Keppandi
Frjálsar æfingar	KK	Bogahestur	Arnþór Daði Jónsson
Frjálsar æfingar	KK	Stökk	Hrannar Jónsson
Frjálsar æfingar	KK	Svifrá	Hróbjartur Pálmar Hilmarsson
Frjálsar æfingar ungl.fl.	KK	Hringir	Martin Bjarni Guðmundsson
Frjálsar æfingar ungl.fl.	KK	Stökk	Martin Bjarni Guðmundsson

GK MEISTARAMÓT

Gerpla vann til einna gullverðlauna í fjölþraut, þrenna silfurverðlauna og fernna bronsverðlauna.

Mílanó Meistaramót	Flokkur	Keppnisgrein	Keppandi	Sæti
Frjálsar æfingar stúlknabl.	KVK	Fjölþraut	Hera Lind Gunnarsdóttir	3.sæti
Frjálsar æfingar	KK	Fjölþraut	Hrannar Jónsson	2.sæti
Frjálsar æfingar	KK	Fjölþraut	Hróbjartur Pálmar Hilmarsson	3.sæti
Frjálsar æfingar ungl.fl	KK	Fjölþraut	Leó Björnsson	2.sæti

Frjálsar æfingar ungl.fl	KK	Fjölþraut	Martin Bjarni Guðmundsson	3.sæti
Frjálsar æfingar drengja.fl.	KK	Fjölþraut	Dagur Kári Ólafsson	1.sæti
Frjálsar æfingar drengja.fl.	KK	Fjölþraut	Sverrir Hákonarson	2.sæti
Frjálsar æfingar drengja.fl.	KK	Fjölþraut	Tómas Bjarki Jónsson	3.sæti

MÍLANÓ MEISTARAMÓT – SPECIAL OLYMPICS

Gerpla vann til tveggja gullverðlauna í fjölþraut, tveggja silfurverðlauna og tveggja bronsverðlauna.

Special Olympics	Flokkur	Keppnisgrein	Keppandi	Sæti
Frjálsar æfingar	KVK	Fjölþraut	Elva Björg Gunnarsdóttir	1.sæti
Frjálsar æfingar	Kvk	Fjölþraut	Erla Björg Haraldsdóttir	2.sæti
Frjálsar æfingar	Kvk	Fjölþraut	Hekla Björg Hólmarsdóttir	3.sæti
Frjálsar æfingar	KK	Fjölþraut	Helgi Magnússon	1.sæti
Frjálsar æfingar	KK	Fjölþraut	Jóhann Fannar Kristjánsson	2.sæti
Frjálsar æfingar	KK	Fjölþraut	Birkir Eiðsson	3.sæti
Frjálsar æfingar	kvk	Fjölþraut	Konní María Baldursdóttir	1.sæti
Frjálsar æfingar	kvk	Fjölþraut	María Gísladóttir	2.sæti
Frjálsar æfingar	kk	Fjölþraut	Unnar Ingi Ingólfsson	1.sæti
Frjálsar æfingar	kk	Fjölþraut	Jakob Vífiill Valsson	1.sæti
Frjálsar æfingar	kk	Fjölþraut	Davíð Guðmundsson	2.sæti
Frjálsar æfingar	kvk	Fjölþraut	Snædís Ósk Jónsdóttir	2.sæti
Frjálsar æfingar	Kvk	Fjölþraut	Kristín Hrefna Halldórsdóttir	1.sæti

HÓPFIMLEIKAR INNANLANDS

Iðkendur félagsins tóku þátt á fjölda móta á keppnistímabilinu og er listinn hér að neðan ekki tæmandi:

HAUSTMÓT FSÍ

Á haustmótinu voru það yngri flokkarnir sem létu ljós sitt skína, keppt var í 4., 3., 2. – og 1. flokki. Gerpla fékk gullverðlaun í 1. flokki blandaðra liða.

WOW MÓTIÐ

Er fyrsta mót vetrarins í fullorðinsflokki og er einnig keppt í 1. flokki. Gerpla varð í 2. sæti í meistaraflokki blandaðra liða og einnig í 1. flokki kvenna.

BIKARMÓT UNGLINGA

Eitt stærsta mót vetrarins fyrir þennan aldursflokk er Bikarmót unglunga. Gerpla átti fjöldan allan af liðum í hverjum flokki fyrir sig. Gerpluiðkendur urðu Bikarmeistarar í 1. flokki A, 1. flokki B og 4. flokki B.

BIKARMÓT

Á Bikarmóti er aðeins keppt í meistaraflokki blandaðra liða og kvennaliða. Gerpla átti keppendur í öllum flokkum á mótinu og varð í 2. sæti í meistaraflokki fullorðinna bæði í kvennaflokki og í flokki blandaðra liða.

ÍSLANDSMÓT

Gerpla vann til alls fimm Íslandsmeistararitla af þeim tólf sem í boði voru á Íslandsmóti í hópímleikum.

Meistaraflokkur kvenna A lið, lenti í 2. sæti og sigraði í æfingum á dýnu

Keppendur	
Heiða Rut Halldórsdóttir	Valgerður Sifinsdóttir
Lovísa Snorradóttir Sandholt	Belinda Sól Ólafsdóttir
Rakel Nathalie Kristinsdóttir	Inga Aðalheiður Pétursdóttir
Edda Sigríður Sigfinnsdóttir	Kolbrún Sara Magnúsdóttir
Eyrún Inga Sigurðadóttir	Sólveig Ásta Bergsdóttir
Glódís Guðgerisdóttir	Karitas Jónsdóttir

Blandað lið Gerplu, lenti í 3 sæti í fjölþraut og sigraði í gólfæfingum og æfingum á trampólíni.

Keppendur	
Alexander Sigurðsson Tobin	Ingibjörg Antonsdóttir
Ásmundur Óskar Ásmundsson	Berglind Ósk Guðmundsdóttir
Einar Karelsson	Aníta Káradóttir
Arnar Freyr Yngvason	Linda Björk Árnadóttir
Daniel Orri Ómarsson	Bára Stefánsdóttir
Þorgeir Ívarsson	Emilía Sólrún Aradóttir
	Elísa Eir Hákonardóttir

SUBWAY ÍSLANDSMÓT

Subway Íslandsmót í hópfirmleikum er eitt af stærstu mótum fyrir yngri flokka í hópfirmleikum þar sem keppendur eru um 1.000 talsins. Gerpla vann til fimm silfurverðlauna og einna bronsverðlauna.

ÁHALDAFIMLEIKAR ERLENDIS

NORÐUR EVRÓPUMÓT

Kvennalandslið Íslands skipað Gerplustúlkunum Normu Dögg Róbertsdóttur, Sigríði Hrönn Bergþórsdóttur og Tinnu Óðinsdóttur. Karlalandslið Íslands var skipað Gerpludrengjunum Hrannari Jónssyni, Eyþóri Erni Baldurssyni og Martin Bjarna Guðmundssyni. Íslenska kvennaliðið varð í 3. sæti í liðakeppninni. Norma Dögg Róbertsdóttir átti bestan árangur íslensku stúlkanna en hún endaði í 1. sæti á stökki og í 15. sæti í fjölþraut. Íslenska karlalandsliðið varð einnig í 6. sæti í liðakeppninni en Eyþór Örn átti bestan árangur íslensku drengjanna. Hann endaði í 13. sæti í fjölþraut, 6. sæti á stökki og 5. sæti á svifrá. Hrannar varð í 18. sæti í fjölþraut og 7. sæti á stökki.

NEM	Flokkur	Keppnisgrein	Keppandi	Sæti
Frjálsar æfingar	KvK	Úrslit – Stökk	Norma Dögg Róbertsdóttir	1.sæti
Frjálsar æfingar	KvK	Úrslit – Stökk	Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir	2.sæti
Frjálsar æfingar	KVK	Liðakeppni	Norma, Sigríður og Tinna	3.sæti
Fjálsar æfingar	kk	Úrslit – Stökk	Eyþór Örn Baldursson	3.sæti
Fjálsar æfingar	kk	Úrslit – Stökk	Martin Bjarni Guðmundsson	4.sæti

HEIMSMEISTARAMÓT

Gerpla átti einn fulltrúa á Heimsmeistaramótinu í Glasgow í karlaflokki, ungan og efnilegan pilt hann Eyþór Örn Baldursson sem var að stíga sín fyrstu skref á Heimsmeistaramóti. Einnig áttum við reynsluboltann hana Normu Dögg Róbertsdóttur, sem hefur verið mjög nálægt því að komast í úrslit á stökku á þremur síðustu Evrópumótum í áhaldafimleikum.

NORÐURLANDAMÓT UNGLINGA OG FULLORÐINNA

Norðurlandamót unglunga og fullorðinna var haldið á Íslandi að þessu sinni. Gerpla átti sjö fulltrúa í landsliðinu. Í karlaliði unglunga voru fulltrúar Gerplu þeir Atli Þórður Jónsson, Martin Bjarni Guðmundsson, Leó Björnsson og Hafþór Hreiðar Birgisson. Í kvennaliði unglunga var fulltrúi Gerplu Sonja Margrét Ólafsdóttir.

Gerpla átti einn fulltrúa í kvennaliði Íslands Agnesi Suto. Í karlaliði Íslands þá Valgarð Reinhardsson, Hróbjart Pálmar Hilmarsson, Hrannar Jónsson og Arnþór Daða Jónsson. Einn varamann í karlaliðið hann Guðjón Bjarka Hildarsson.

NM Ísland	Flokkur	Keppnisgrein	Keppandi	Sæti
Frjálsar	KVK	Liðakeppni	Agnes Suto	1.sæti
Frjálsar	KVK	Fjölþraut	Agnes Suto	3.sæti

Frjálsar	KVK	Úrslit-Slá	Agnes Suto	3.sæti
Frjálsar unglinafl.	KVK	Liðakeppni	Sonja Margrét Ólafsdóttir	3.sæti
Frjálsar	KK	Úrslit-Svifrú	Valgarð Reinhardsson	2.sæti

EVROPUMÓT – UNGLINGA OG FULLORÐINNA

Gerpla átti einn fulltrúa í unglinaflokki kvenna, Sonju Margréti og einn fulltrúa í kvennaflokki hana Agnesi Suto. Atli Þórður og Martin Bjarni voru fulltrúar Gerplu í unglinaflokki karla. Ísland sendi ekki keppendur fullorðinsflokk karla að þessu sinni.

HÓPFIMLEIKAR ERLendis

NORÐURLANDAMÓT FULLORÐINNA

Norðurlandamótið í hóp fimleikum var haldið í Vodafone höllinni í nóvember. Mótið fór gríðarlega vel fram og var þétt setið í stúkunn í Valsheimilínu. Gerpla átti keppendur í kvennaflokki og karlaflokki á mótinu.

Kvennalið Gerplu varð í 4. sæti.

Norðurlandamót – Kvennalið	
Karitas Inga Jónsdóttir	Eyrún Inga Sigurðardóttir
Gyða Einarisdóttir	Ingunn Jónasdóttir Hlíðberg
Kolbrún Sara Magnúsdóttir	Rakel Nathalie Kristinsdóttir
Lovísa Snorradóttir Sandholt	Inga Aðalheiður Pétursdóttir
Heiða Rut Halldórsdóttir	Edda Sigríður Sigfinsdóttir
Helga Hjartardóttir	Sandra Sif Guðbrandsdóttir

Karlalið Gerplu varð í .sæti. Fulltrúar Gerplu voru:

Norðurlandamót – Karlalið fullorðina	
Einar Karelsson	Magnús Óli Sigurðsson
Ásmundur Óskar Ásmundsson	Didrik Frøeberg
Arnar Freyr Yngvason	Hrafn Marcher helgason
Adam Bæhrens Björgvinsson	Alexander Sigurðsson Tobin
Birkir Sigurjónsson	Daniel Orri Ómarsson

NORÐURLANDAMÓT UNGLINGA

Gerpla vann sér inn þátttöku á NMJ í hóp fimleikum með 1. flokks liðið sitt. Stóðu þær sig virkilega vel á mótinu og höfnuðu í 4. sæti. Frábær árangur hjá ungu og efnilegu liði.

Kvennalið Gerplu varð í 4.sæti. Fulltrúar Gerplu eru:

Norðurlandamót – Kvennalið unglunga	
Eyrún Inga Sigurðardóttir	Karitas Inga Jónsdóttir
Gyða Einarisdóttir	Íris Brynja Helgadóttir
Birta Ósk Þórðardóttir	Stella Einarisdóttir
Heiðrún Anna Vignisdóttir	Eygló Fanndal Sturludóttir
Þórdís Huld Atladóttir	Eva Marín Steingrimsdóttir
Magnea Mist Ólafsdóttir	Helga Sif Guðmundsdóttir
Sigurborg Arnardóttir	Rebekka Rut Stefánsdóttir

FIMLEIKAKONA OG FIMLEIKAMAÐUR ÁRSINS

Valgarð Reinhardtsson, fimleikamaður úr Gerplu og Irena Sazonova Ármanni hafa verið valin fimleikafólk ársins 2015 af stjórn Fimleikasambands Íslands.

Valgarð var Íslandsmeistari í fjölþraut 2015, ásamt því að vinna titilinn á gólfi og tvíslá. Hann hefur verið að taka miklum framförum undanfarið ár og náði þeim frábæra árangri að verða í 3. sæti á Elite Canada fyrr á árinu, en á það mót er einungis bestu fimleikamönnum Kanada boðin þátttaka. Á Smáþjóðaleikunum stóð hann sig best íslensku karlkeppendanna. Hann varð þriðji í fjölþraut og komst í úrslit á fimm áhöldum af sex þar sem hann vann til silfurverðlauna á gólfi, stökki og tvíslá. Valgarð keppti á Evrópuleikunum í Baku, þar stóð hann sig vel í fjölþrautarkeppninni en mótið var góður undirbúningur fyrir heimsmeistaramótið í Glasgow sem fram fór í október. Því miður meiddist Valgarð í aðdraganda heimsmeistaramótsins og tók því ekki þátt á mótinu. Hann hefur með eljusemi og dugnaði unnið sig vel úr þeim áskorunum sem hann stóð frammi fyrir í lok árs og er farinn að æfa af fullum krafti á ný, hefur sett sér ný markmið og stefnir hátt á næsta ári.

AFREK ÁRSINS

Thelma Rut Hermannsdóttir skrifaði nafn sitt í sögubækur Fimleikasambandsins á árinu þegar hún náði þeim sögulega áfanga í mars að verða Íslandsmeistari í fjölþraut kvenna í áhaldafimleikum í sjötta sinn. Þar með fór hún fram úr Sif Pálsdóttur og Berglindi Pétursdóttur sem báðar höfðu orðið Íslandsmeistarar fimm sinnum. Berglind sigraði í fimmta skipti árið 1980 og Sif árið 2006.

Thelma Rut varð fyrst Íslandsmeistari í fjölþraut árið 2008 og hefur unnið titilinn síðan að undanskildum árunum 2009 og 2013, þegar að Fríða Rún Einarsdóttir og Norma Dögg Róbertsdóttir stóðu uppi sem sigurvegarar.

Árið 1996 byrjaði Thelma Rut að æfa fimleika hjá Gerplu, þá þriggja ára gömul. Á þessum nítján ára ferli hefur hún áorkað hverju afrekinu á fætur öðru. Hún er sú fimleikakona sem hefur tekið þátt í flestum erlendum verkefnum fyrir Íslands hönd frá upphafi. Hún er ótrúleg keppnismanneskja sem sýnir sig einna best í þeim titlum sem hún hefur unnið á ferlinum. Fimleikasamband Íslands er stolt af þessari miklu afrekskonu fimleikanna og hlakkar til að fylgjast með henni taka sér ný viðfangsefni innan greinarinnar fyrir hendur.

STARFSMANNAMÁL

Eftir því sem félagið verður stærra og umfangsmeira í allri starfssemi þá verða samskipti starfsmanna mikilvægari. Unnið var að því á tímabilinu að auka vægi teymisfunda og þannig auka yfirsýn deildarstjóra yfir ábyrgðarsviðum þeirra. Einnig var farið að stað í uppbyggingu starfræns gagnagrunnar sem mun auka gæði og samþættingu þjálfunar á öllum stigum. Einnig var lögð áhersla á að bæta vinnuaðstöðu og kjör starfsmanna en Gerpla fylgdi launahækkunum á almennum markaði sem voru um 10% í heildina starfsárið 2015-16. Einnig var meira um félagslega viðburði á vegum félagsins til að styrkja tengsl starfsmanna, þar sem starfsmannahópurinn er frá fjölmörgum þjóðum, á mjög dreifðu aldursbili og með mismunandi bakgrunn. Þessir viðburðir lukkuðust vel og verður reynt að festa þá í sessi á næstu starfsárum.

Framkvæmdastjóri	Ása Inga Þorsteinsdóttir
Fjármálastjóri	Heiður Hjaltadóttir
Deildarstjóri áhaldafimleikar kk	Axel Ólafur Þórhannesson
Deildarstjóri áhaldafimleikar kvk	Sif Pálsdóttir
Deildarstjóri í hópfimleikum	Kristinn Þór Guðlaugsson
Deildarstjóri fimleikadeildar	Stefanía Eypórsdóttir
Afgreiðsla	Ásdís Lára Rafnsdóttir
Baðvarðsla	Hildur Björnsdóttir
Baðvarðsla	Husmettin Kaymaz

Aðrir þjálfarar og starfsmenn á tímabilinu voru eftirtaldir:

Starfsmenn í fullu starfi:	Starfsmenn í hlutastarfi:
Andrea Kovats-Fellner	Eva Dröfn Benjamínsdóttir
Axel Ólafur Þórhannesson	Eva Hlín Harðardóttir
Edda Sigríður Sigfinnsdóttir	Eva Hrund Gunnarsdóttir
Ferenc Kováts	Gylfi Guðnason
Ingunn Jónasdóttir Hlíðberg	Hróbjartur Pálmar Hilmarsson
Íris Mist Magnúsdóttir	Ingvar Jochumsson
Katalin Maria Ujszigeti	Jóhanna Guðrún Bergþórsdóttir
Kristinn Þór Guðlaugsson	Klara Malín Þorsteinsdóttir
Lajos Kiss	Konný Lára Birgisdóttir
Mykola Vovk	Inga Aðalheiður Pétursdóttir
Sif Pálsdóttir	Linda Björk Halldóttir
Svava Björg Örlygsdóttir	Magnús Óli Sigurðarson
Þórarinn Reynir Valgeirsson	Margrét Dís Yeoman
Dagbjört Heiða Hermannsdóttir	Rakel Másdóttir
Stefanía Eypórsdóttir	Róbert Kristmannsson
Kenneth Hedegaard Christiansen	Runólfur Vigfússon
Starfsmenn í hlutastarfi:	Selma Birna Úlfarsdóttir
Anna Dröfn Óladóttir	Sigrún Harpa Stefánsdóttir
Adam Benedikt Finnsson	Sigurður Hrafn Pétursson
Arnar Freyr Yngvason	Sigurlaug Inga Guðbjartsdóttir
Ásta Þyrí Emilsdóttir	Sigurrós Pétursdóttir

Bára Björt Stefánsdóttir	Viktor Kristmannsson
Björn Sigurðarson	Yrsa Ívarsdóttir
Daniella Perla Belanyi	Þorgeir Ívarsson
Diljá Rún Sigurðardóttir	Þórdís Rafnsdóttir
Einar Karelsson	Hafsteina Guðmundsdóttir
Elsa Jónsdóttir	Signý María Sigurðardóttir
Erlendur Kristjánsson	Sindri Viborg

Aðstoðarþjálfarar:	Aðstoðarþjálfarar:
Elva Björg Gunnarsdóttir	Ada Björnsdóttir
Berglind Ósk Guðmundsdóttir	Arnór Már Másson
Eygló Fanndal Sturludóttir	Birta Björg Alexandersdóttir
Hrefna Sif Haraldsdóttir	Eva Marín Steingrímsdóttir
Karen Sif Ársælsdóttir	Gabríela Sól Jónsdóttir
Laufey Jónsdóttir	Hrafnhildur Finnbogadóttir
Leó Björnsson	Íris Mjöll Jóhannesdóttir
Rebekka Rut Stefánsdóttir	Lilja Sjöfn Sigurðardóttir
Sandra Rós Davíðsdóttir	Magnea Mist Ólafsdóttir
Sara Björt Kristjánsdóttir	Sandra Júlía Matthíasdóttir
Sigmundur Freyr Hafþórsson	Tinna Kristín I Kristinsdóttir
Sóley Björg Jóhannsdóttir	Helga Sif Guðmundsdóttir
Stella Einarsdóttir	Erna Sif Beck
Svala Davíðsdóttir	María Dröfn Sindradóttir
Thelma Aðalsteinsdóttir	Freyja Ragnheiður Sigþórsdóttir
Valdimar Matthíasson	Margrét Rún
Þórdís Alla Gauksdóttir	Margrét María Ívarsdóttir
Þórdís Huld Atladóttir	María Gísladóttir
Bjarni Þorleifsson	

Við þökkum öllu okkar ágæta starfsfólki fyrir vel unnin störf.